


KVIÐSJÁRAÐGERÐ



Kviðarholsspeglun er aðgerð sem er notuð til greiningar og meðferðar á sjúkdómum í innri kynfærum kvenna. Má þar nefna legslímuflakk, utanlegspungun, blöðrur á eggjastokkum og bráða verki sem grunur er á að geti verið frá kvenlíffærum. Einnig er kviðarholsspeglun notuð til greiningar á orsökum ófrjósemi og til að gera ófrjósemisaðgerð. Aðgerðin er gerð í svæfingu á skurðstofu.

Farið er inn í kviðarhol um þrjú til fjögur 0,5-1cm stór göt og aðgerðin framkvæmd með aðstoð myndavélar.

Helstu fylgikvillar (2-4%) eru sýkingar í húð og ríkuleg blæðing í aðgerðinni. Sjaldgæfari fylgikvillar eru skaði á þvagblöðru, þvagleiðara eða þörmum og kviðslit. Sjaldnast hafa þessir fylgikvillar langvarandi afleiðingar.

Undirbúningur fyrir aðgerð

- Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.
- Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun og nikótín í rafrettum hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og auka meðal annars líkur á sýkingu eftir aðgerð. Því er mikilvægt að hætta nikótínnotkun að minnsta kosti þremur vikum fyrir og eftir aðgerð.
- Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta leitað aðstoðar á heilsugæslustöðvum eða á www.heilsuvera.is (netspjall, símaráðgjöf og fræðsluefni).

Innskriftarviðtal

Ef áhættuþættir vegna svæfingar eða aðgerðar eru þekktir verður boðað í innskriftarviðtal við deildarlækni, svæfingarlækni og hjúkrunarfræðing á HVE Akranesi.

Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 2-3 klukkustundir. Velkomið að hafa aðstandanda með í innskrift. Gott er að hafa lyfjalista tiltækan.

Greiða þarf komugjald fyrir þjónustuna.

Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Svæfingarlæknir ákveður hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

Kvöldið fyrir aðgerð

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fasta á mat frá kl. 02:00 en drekka má tæran drykk til kl. 06:00.
- Fara í sturtu heima að morgni aðgerðardags.
- Hreinsa nafla með bómullarpinna.
- Fjarlægja skartgrip og naglalakk.
- Ekki nota húðkrem eða ilmefni.
- Klæðast hreinum fötum.

Aðgerðardagur

Mikilvægt er að hafa meðferðis öll lyf sem tekin eru daglega en ekki taka nema í samráði við lækni eða innköllunarstjóra.

Við komu á HVE Akranesi staðfestir þú mætingu í afgreiðslu á 1. hæð og ferð í framhaldi á biðstofu dagdeildar skurðeildar sem staðsett er á 2. hæð. Þar er veggsími sem þú ert beðin um að nota til að láta vita af þér. Hjúkrunarfræðingur tekur á móti þér og fer yfir heilsufar með tilliti til svæfingar ásamt helstu upplýsingum sem skipta máli fyrir aðgerðina. Í framhaldinu er viðtal við skurðlækni og svæfingarlækni. Övæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerðin tekur um ½ - 2 klukkustundir

Eftir aðgerð

Eftir aðgerð tekur við dvöl í vöknunarherbergi þar sem fylgst er með líðan.

Mikilvægt er að þvaglát séu komin í eðlilegt horf fyrir heimferð. Útskrift er áætluð samdægurs og útskriftarfræðsla er veitt af skurðlækni.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa

einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Eftir útskrift

Verkir og verkjalyf

Búast má við verkjum í kvið og óþægindum upp í axlir. Verkir í öxlum koma vegna lofts í kviðarholi sem ertir þindina. Einnig má búast við eymslum í skurðsárum. Verkjalyf eru gefin í töfluformi á föstum tímum eftir þörfum.

Mælt er með Ibufen og Paracetamol til verkjastillingar fyrir þá sem þola það.

Best er að taka Paracetamol/Panodil/Paratabs 500mg 2 töflur allt að 4 sinnum á dag og Ibufen 400-600mg 1 töflu allt að þrisvar sinnum á dag.

Það er einstaklingsbundið hvað þarf að taka verkjalyf lengi eftir aðgerð.

Ef þörf er á sterkari verkjalyfjum, þá ávísar viðkomandi skurðlæknir því. Það er mjög sjaldgæft

Ráðleggingar eftir aðgerð:

- Hafa þarf hægt um sig á aðgerðardaginn. Ráðlagt er að hafa aðstandanda hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.
- Það má fara í sturtu en ekki í bað, sund eða heitan pott fyrr en skurðsár er gróið.
- Vatnsheldur plástur á að vera á í 6-7 daga.
- Plástrar næst skurðsárinu (steristrip) mega vera á á meðan þeir tolla.
- Saumar í skurðsári eyðast sjálfkrafa.
- Flestir geta snúið aftur til vinnu eða í skóla eftir 1 viku.
- Forðast þungar lyftur fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð eða stunda þyngri líkamlega áreynslu svo sem þrekæfingar, hlaup og erfið heimilisstörf. Dagleg hreyfing og gönguferðir eru góður kostur.
- Það getur blætt lítillega frá leggöngum eftir aðgerð.
- Eftirskoðun fer fram í samráði við skurðlækni ef þörf er á.

Hafa þarf samband ef eftirfarandi hættumerki koma fram fyrstu tvær vikurnar eftir aðgerð:

- Það blæðir ríkulega frá skurðsári
- Verkir í kvið eru viðvarandi
- Verkir minnka ekki við verkjalyf.
- Hiti er hærri en 38°C

Símanúmer

Skiptiborð

HVE Akranesi 432-1000

Biðlisti

HVE Akranesi 432-1140

-hringja þangað ef þarf að afbóka aðgerð

Kvennadeild HVE Akranesi

Á kvöldin eða um helgar er hægt að

hringja á Kvennadeild HVE í síma:

432-1113

Ef um brátt ástand er að ræða á að hafa samband við 112.

Við óskum þér góðs bata
Starfsfólk kvennadeildar HVE Akranesi

Unnið af kvensjúkdómasérfræðingum HVE
Uppfært í júní 2025
Hvebæk-C2

HVE Akranesi
Sími 432 1000
www.hve.is